

Reglur og fyrirkomulag Íslandsmóts félagsliða 2025

30. ágúst - 31. ágúst

1. Regluverk ÍPS gildir á Íslandsmóti félagsliða og þau atriði sem regluverkið nær ekki yfir er farið eftirregluverki WDF.
2. Íslandsmót félagsliða 2025 skiptist í karla- og kvennaflokk. Hvert aðildarfélag má senda 2 karlalið og 1 kvennalið. 4 keppendur eru í hverju liði. Þátttökurétt hafa eingöngu þeir leikmenn sem eru á skrá hjá ÍPS og aðildarfélag hefur sannarlega greitt félagsgjald vegna þessa leikmanna fyrir árið 2025.
3. Þátttökugjald er 10.000kr per lið. Ef aðildarfélag sendir inn 2x karlalið og 1x kvennalið skal félagið greiða samtals 30.000kr. Þátttökugjald skal greiðast með millifærslu til ÍPS þegar félagið skilar inn skráningarformi en í síðasta lagi áður en mótið hefst. Ef þátttökugjald er ekki greitt þegar mótið hefst er félagið ekki með keppnisrétt á mótinu.
4. Mótið samanstendur af þremur viðburðum; einmenning, tvímenning og liðakeppni. Keppt verður á laugardag og sunnudag og hefst keppni kl. 10:30 báða dagana.
5. Nánara keppnisfyrirkomulag (riðlar/útsláttur) verður gefið út þegar skráningu lýkur.
6. Í einmenning og tvímenning er spilað best af 7 leggjum þar sem búllað er í oddalegg. Kastað er uppá hver byrjar fyrsta legg í öllum leikjum
7. Í liðakeppninni er spilað best af 17 leggjum, einn leggur leikinn í einu. Leikaröðin verður sem hér segir:

Liðakeppni						
	Leikm. lið	Leikm. lið			Leikm. lið	Leikm. lið
Leggur	A	B		Leggur	A	B
1	1	2		9	4	4
2	2	1		10	1	1
3	3	4		11	2	3
4	4	3		12	3	2
5	2	2		13	1	3
6	1	4		14	2	4
7	4	1		15	3	1
8	3	3		16	4	2

Ef liðin ná 8 leggjum hvert í leiknum skal hvert lið velja einn leikmann til að leika oddalegginn. Sá leikmaður sem er í heimaliði skal búlla á undan fyrir oddalegginn.

8. Ef tvö lið eru jöfn að stigum í riðli, skal samanburður á leggjumun verða notaður til að skera úr um niðurröðun (unnir leggir mínus tapaðir). Ef liðin eru með sama leggjumun þá er horft á úrslit leiks á milli liðanna.

9. Ef þrjú lið eru jöfn og með sama leggjumun skal hvert lið tilnefna einn leikmann til að kasta 9 pílum og vinnur það lið sem fær hæsta skor. Ef lið eru jöfn að stigum eftir 9 pílur skal endurtaka leikinn þangað til að eitt lið sigrar. Allir þrír leikmenn skulu spila á sama borði og búllað er í upphafi. Sá leikmaður sem sigrar búllið ræður hvaða leikmaður kastar fyrst og seinast.

10. Allir leikmenn í öllum greinum eiga rétt á sex æfingapílum á úthlutuðu leikspjaldi fyrir upphaf leiks. Í fjögurra manna liðakeppninni á þetta við um alla leikmenn á undan fyrsta legg í hverjum leik. Í öllum leggjum eftir þann fyrsta skulu allir leikmenn aðeins fá þrjár æfingapílur. Ekki má kasta öðrum æfingapílum meðan á leik stendur nema liðin samþykki fyrirfram í samráði við mótstjórn.

11. Hvert lið má innihalda einn varamann. Varamaður má koma inn fyrir upphaf hvers leiks ef mótstjórn samþykkir. Varamaður er tilgreindur fyrir hvert lið og má ekki taka þátt í leikjum hjá öðrum liðum.

12. Komi upp ágreiningur meðan á leik stendur, skal stöðva leikinn tafarlaust. Báðir liðsstjórar eða leikmenn skulu hafa samband við mótstjórn og verður málið leyst af „mótsdómara“ en ákvörðun hans skal vera endanleg og bindandi. Engin síðbúin mótmæli verða samþykkt.

Stigatafla								
Karlaflokkur					Kvennaflokkur			
Sæti	Lið	Tvím	Einm.		Sæti	Lið	Tvím	Einm.
1	60	42	28		1	48	30	21
2	40	30	21		2	32	20	15
3-4	24	20	15		3-4	16	12	10
5-8	12	12	10		5-8	8	6	6
9-16	4	6	6		9-16	0	2	3
17-32	2	2	3		17-32	0	0	1
33-64	0	0	0		33-64	0	0	0

Að auki fær hvert lið 1 stig fyrir hvern leik sem unnin er í riðlakeppni (Ef hún er spiluð)